

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2014

2014/EES/42/02

frá 14. febrúar 2014

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 374/2013 frá 23. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) sem fôðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2013 frá 14. maí 2013 um leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni selenmeþíóníns sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus kefir* DSM 19455 sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 775/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fôðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla aðrar en varpugla (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 frá 16. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fôðurukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) ⁽⁵⁾.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bættist við á eftir 94. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 636/2013) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „95. **32013 R 0374**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 374/2013 frá 23. apríl 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* (FERM-BP 2789) sem fôðurukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (Stjtið. ESB L 112, 24.4.2013, bls. 13).
96. **32013 R 0445**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 445/2013 frá 14. maí 2013 um leyfi fyrir hýdroxýlsetnu hliðstæðuefni selenmeþíóníns sem fôðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 130, 15.5.2013, bls. 21).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 112, 24.4.2013, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 130, 15.5.2013, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 30.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 32.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 15.

97. **32013 R 0774**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 774/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus kefiri* DSM 19455 sem fæðuaukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 30).
98. **32013 R 0775**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 775/2013 frá 12. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* DSM 7134 sem fæðuaukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla aðrar en varpugla (leyfishafi er Lactosan GmbH & Co KG) (Stjtið. ESB L 217, 13.8.2013, bls. 32).
99. **32013 R 0787**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013 frá 16. ágúst 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* (ATCC PTA-6737) sem fæðuaukefni fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Kemin Europa N.V.) (Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 374/2013, (ESB) nr. 445/2013, (ESB) nr. 774/2013, (ESB) nr. 775/2013 og (ESB) nr. 787/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. febrúar 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. febrúar 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.